



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurnum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað vegna húsnæðisvanda Fossvogsskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 24. ágúst 2021, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Hvað hefur miklu fjármagni verið varið í endurbætur, ráðgjöf, flutning á nemendum, kaup á búnað, leigu á öðru húsnæði vegna Fossvogsskóla árin 2018, 2019, 2020 og 2021. Eins hvað hafa endurbætur á Korpusskóla í Staðahverfi kostað eftir árið 2019, 2020 og 2021. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks vilja með þessari fyrirspurn vita heildarupphæð sem verkið stendur orðið í. Ef fulltrúarnir hafa gleymt einhverjum þáttum í upptalningu sinni þá er óskað eftir því að þeim verði bætt við svarið. Eins vilja fulltrúarnir vita hver var upphafleg kostnaðaráætlun í verkinu og hvað átti að vinnast með henni?

Jafnframt var á fundi skóla- og frístundaráðs, 23. nóvember 2021, lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir svörum. Töluvert er af ósvöruðum fyrirspurnum frá fulltrúum Sjálfstæðisflokks. Þær elstu eru frá árinu 2019. Fulltrúarnir óska sérstaklega eftir svari við fyrirspurn SFS2021080261 sem lögð var fram á fundi skóla- og frístundaráðs 24.08.2021 vegna Fossvogsskóla. Þar settu fulltrúar Sjálfstæðisflokks inn fyrirspurn vegna heildarkostnaðar við framkvæmdir Fossvogsskóla sem ekki hefur verið svarað.

Svar:

Heildarkostnaður sem skráður hefur verið hjá skóla- og frístundasviði sem rekstrargjöld í tengslum við rakaskemmdir í Fossvogsskóla á árunum 2018-2022 eru 167,5 milljónir króna, þar af 32,2 milljónir króna vegna ársins 2022. Fossvogsskóli hefur fengið sérgreindar fjárheimildir vegna þessara verkefna á tímabilinu sem nemur 106,6 milljónir króna. Sérgreind útgjöld eru því 60,9 milljónir króna umfram fjárheimildir. Sérgreind útgjöld eru verkefnamerkt í borgarþókhaldi með auðkenninu M9000.

Stærstu liðirnir að baki 167,5 milljón króna útgjöldum eru akstur hópferðabíla úr skólahverfinu í tímabundnar starfsstöðvar, viðbótarkostnaður við skólamáltíðir á þrem mismunandi starfsstöðvum, endurnýjun á kennslugögnum og kennslubúnaði og aukinn launakostnaður vegna fjölgunar starfsstöðva.



Fossvogsskóli	Fjárhæð	Esk. áætlun (B)
2018	0	
2019	79.488.311	78.732.000
2020	2.275.286	
2021	53.545.373	
2022	32.170.264	27.899.160
	167.479.234	106.631.160

Skóla- og frístundasvið þurfti að bregðast við síbreytilegum aðstæðum og meginverkefni sviðsins var að tryggja að ekki yrði rof á grunnskólastarfi.

Meðfylgjandi eru upplýsingar frá umhverfis- og skipulagssviði með samantekt á kostnaði vegna endurbóta við Fossvogsskóla árin 2018-2022 og Korpuskóla árin 2019-2021. Einnig er meðfylgjandi tillaga varðandi lagfæringar og endurbætur á Fossvogsskóla sem samþykkt var í borgarráði 4. nóvember 2021.

Samantekt á kostnaði vegna endurbóta við Fossvogsskóla						
	2018	2019	2020	2021	2022	Samtals
Endurbætur	12.519.591	384.500.646	72.828.653	106.497.199	1.202.428.950	1.778.775.038
Búnaður	83.360	9.368.035	321.900	6.095.996	45.461.750	61.331.041
Ráðgjöf	2.900.294	61.235.864	29.053.690	63.095.806	126.496.076	282.781.730
Leiga	0	1.365.619	1.004.522	24.395.295	79.728.681	106.494.117
Samtals	15.503.245	456.470.164	103.208.765	200.084.296	1.454.115.457	2.229.381.926

Samantekt á kostnaði vegna endurbóta við Korpuskóla				
	2019	2020	2021	Samtals
Endurnbætur	5.530.906	7.169.583	81.594.055	94.294.544

Borgarráð

Fossvogsskóli. Lagfæringar og endurbætur á húsnæði.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við lagfæringar og endurbætur á húsnæði Fossvogsskóla. Frumkostnaðaráætlun vegna framkvæmda er 1.641 m.kr. Áætlað er að fyrri hluta framkvæmda ljúki í ágúst 2022 og síðari hluta í ágúst 2023.

Greinargerð:

Framkvæmdir ná til þess húsnæðis Fossvogsskóla sem fjallað er um í úttektarskýrslu verkfræðistofunnar Eflu dags. 14. júní 2021. Frumkostnaðaráætlun verkfræðistofunnar Eflu er 1.641 m.kr. á verðlagi í október 2021 (b.vst. 157,6 stig). Útboð verður á stýriverktöku þar sem einn aðalverktaki sér um stjórnun vinnustaðar auk samræmingar og stýringu á vinnu undirverktaka. Framkvæmdirnar eru tvíþættar. Annars vegar er um að ræða aðgerðir til að bæta innivist m.a. bætt raka- og loftgæði þar sem fyrri lagfæringar hafa ekki skilað fullnægjandi árangri. Byggingarefni þar sem greinst hefur mygla verða fjarlægð.

Hins vegar er um að ræða aðgerðir til að færa skólahúsnæðið í nútímalegt horf hvað varðar byggingatækni, kennsluhætti og innra skipulag húsnæðisins. Einangrun innan á útveggjum allra bygginga verður fjarlægð. Þá verða útveggir einangraðir að utan og klæddir með álklaðningu. Allir gluggar og útihurðir verða endurnýjaðar og lokið við að endurnýja öll þök. Ennfremur verða innveggir fjarlægðir og endurbyggðir í samræmi við gildandi eldvarnarkröfur, raflagnir og pípulagnir verða endurnýjaðar sem og loftaefni og gólfefni. Lofttræsting allra húsa verður yfirfarin og virkni breytt með tilliti til bættrar innivistar. Þá verða skriðkjallarar undir byggingunum lagfærðir og þéttir, jafnframt verða brunnar sem nú eru inni í byggingunum færðir út úr húsum.

Framkvæmdir byggjast á þeim tillögum að aðgerðum sem settar eru fram í úttektarskýrslu verkfræðistofunnar Eflu. Fagteymi vegna þeirra aðgerða sem snúa að innivist er skipað fulltrúum frá umhverfis- og skipulagssviði, Eflu og Verkís. Sérstakur ráðgjafi fagteymisins er Björn Marteinsson arkitekt og verkfræðingur. Arkitektar eru Helga Gunnarsdóttir og Hornsteinar arkitektar ehf. Verkefnastýring er á höndum umhverfis- og skipulagssviðs. Eftirlit framkvæmda vegna innivistar annast Efla verkfræðistofa.

Áætlað er að allt skólastarf Fossvogsskóla verði í Fossvogsdal haustið 2022. Börn munu þá stunda nám í tveimur uppgerðum byggingum, Austurlandi og Vesturlandi og að hluta til einnig í einingarhúsum á lóð skólans. Áætlað er að framkvæmdum við Meginland ljúki haustið 2023.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

- Kynning
- Framkvæmdasjá: <https://reykjavik.is/framkvaemdajain/fossvogsskoli-endurbaetur>



FOSSVOGSSKÓLI

Endurgerð

NÓVEMBER 2021



UMHVERFIS- OG
SKIPULAGSSVIÐ

FOSSVOGSSKÓLI

Undirbúningur og hönnun

- Fagteymið er Verkís, Efla og USK
- Með teyminu starfar Björn Marteinnsson arkitekt og verkfræðingur
- Teymið gerir tillögur um framkvæmdir vegna innivistar á grundvelli skýrslu Eflu og fyrri framkvæmda.
- Arkitekt er Helga Gunnarsdóttir og Hornsteinar arkitektar ehf.
- Verkfræðiráðgjafi með arkitekt er VSÓ Ráðgjöf
- Sérfræðiráðgjafi vegna innivistar er Efla verkfræðistofa
- Framkvæmdaráðgjafi er Efla verkfræðistofa og Verkís
- Aðrir ráðgjafar eru kallaðir til eftir þörfum s.s. vegna hljóðvistar, brunamála o.fl.
- Verkefnastjórn: USK

FOSSVOGSSKÓLI

Hvað verður gert?

- Einangrun innan á útveggjum verður fjarlægð
- Húsið verður einangrað að utan og klætt með áklæðningu
- Endurnýjun glugga og útihurða
- Lokið verður við endurnýjun á þökum
- Innveggir fjarlægðir og endurbyggðir m.a. í samræmi við nýjar eldvarnarkröfur
- Loftræsing allra húsa yfirfarin og virkni breytt m.t.t. bættrar innivistar
- Raflagnir og pípulagnir endurnýjaðar eftir þörfum
- Loftaefni endurnýjuð eftir þörfum
- Gólfefni endurnýjuð eftir þörfum
- Breytingar á innra skipulagi eru í skoðun

FOSSVOGSSKÓLI

Tilhögun framkvæmda


- Útboð á stýriverktöku þar sem einn aðalverktaki sér um stjórnun vinnustaðar auk samræmingu og stýringu á vinnu undirverktaka. Verkpættir s.s. pípulögn, raflagnir, loftræsing o.fl. eru boðnir út í sérstökum útboðum og verðfyrirspurnum
- Umsjónarmaður verkkaupa annast samskipti við aðalverktaka
- Faglegt eftirlit vegna innivistar annast Efla verkfræðistofa.
- Sérfræðiráðgjafi vegna innivistar er Efla verkfræðistofa

FOSSVOGSSKÓLI

Áætluð verklok

- Áætluð verklok í Austurlandi eru í júní 2022
- Áætluð verklok í Vesturlandi eru í ágúst 2022
- Áætluð verklok í Meginlandi eru í ágúst 2023

Verkáætlan



FOSSVOGSSKÓLI

Áætlun um skólastarf haustið 2022

- Allt skólastarf í Fossvogsdal haustið 2022.
- Austurland og Vesturland verða tilbúin til kennslu auk færanlegra kennslustofa.
- Öryggi starfsfólks og nemenda verður tryggt varðandi framkvæmdir í Meginlandi.
- Meginland verður tilbúið haustið 2023.





TAKK
FYRIR